

Umhverfissráðsfundur barna 5. október 2016



Fundarmenn eru elstu börnin, Prestir, í Lundi.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Fríða Ragnarsdóttir, kennari og ritari fundarins ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum og Berglind Jónsdóttir leikskólakennari, sérlegur ljósmyndari og aðstoðarmaður fundarins.

Dagskrá fundar:

1. Í upphafi tókumst við í hendur og buðum alla velkomna á fundinn. Allir fundarmenn fengu barmmerki sem á stendur: Umhverfissráð barna.
2. **Fórum yfir fundarreglur:**
Allir minntir á Bínureglurnar!
Réttu upp hönd til að fá að tala eða svara.
3. **Umhverfissráð og umhverfissráðherra.**
Hvað er umhverfi? Allt sem er umhverfis okkur, umhverfi er úti og inni.
Hvað er umhverfissráð? Það erum við sem sitjum hér á fundinum.
Hvað er umhverfissráðherrar? Við öll! Umhverfissráðherrar fara í eftirlitsferð um leikskólann og athuga hvort ofnar séu rétt stilltir, hvort ljós séu slökt og rétt rusl sé í ruslafötu. Ef deildir standa sig vel fá þau stjörnu!!
Hverjir fóru í fyrstu eftirlitsferðina með Fríðu? Það var Vigdís Ása og Birkir Máni.
Stóðu deildirnar sig vel? Já mjög vel.
Velja ráðherra í næstu eftirlitsferð. Það verða **Shameel og Elín Elísabet**. Þau verða að vera búin fyrir næsta fund sem verður í nóvember.
4. **Hvar er Grænfáninn á Norðurbergi?** Hann er utan á Lundi (Heiðís Erla) og á fánastöng við Tröllagil (Elín Elísabet og Viðja). Einnig utan á litla veggnum við Tröllagil.
Hvað sjáið þið á myndinni? Við sjáum mann, tré, laufblöð, fótspor, bók með skrifuðum og óskrifuðum blaðsíðum. Óskrifuðu blöðin eru framtíðin, það sem á eftir að gerast. Hringurinn er jörðin (Siggi) og græni liturinn í fánanum táknar grasið (Óli Hrannar) og náttúruna.
5. **Hvað þurfum við að gera til að hafa Grænfánann?** Við þurfum að vanda okkur við að flokka og endurvinna, bæði pappír, plast matarleifar og fleira. Við moltum mat á Norðurbergi en við þurfum að passa okkur að borða allan matinn okkar, Svangi Mangi á að vera svangur.
6. **Hvernig tunnur eru heima hjá ykkur?** Flestir eru með bláar og gráar.
Hvað fer ofan í þær? Í Bláu tunnuna fer pappír, sum rugluðust þó. Bara ein er með moltutunnu heima í garðinum. Allir fara með heimaverkefni heim

og skila því inn á mánudaginn og við förum yfir það á næsta fundi. Verkefnið felst í því að skrifa niður hvaða pappír fer í Bláu tunnuna í fimm daga.

7. Önnur mál

Krakkarnir sögðu Önnu Borg frá því að þegar þau fóru í skóginn í september þá fundu þau rosa mikið rusl sem þau síðan hreinsuðu og flokkuðu þegar heim kom. Bella tók myndir af öllu þessu ótrúlega mikla rusli og sendi á Hafnarfjarðarblöðin til birtingar til áminningar um betri umgengni í skóginum. Ekki var enn búið að birta þetta en Bella ætlar að ýta við því aftur.

Ritari fundarins:
Fríða Ragnarsdóttir